

Nd.

311. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 15 ráðunauta.

2. gr.

Fyrri málsl. 2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Laun héraðsráðunauta greiðast að jöfnu úr ríkissjóði og af hlutaðeigandi héraðs-samböndum.

3. gr.

11. gr. laganna breytist þannig:

1. Fyrir orðin „Hellingur rekstrarkostnaðar“ í III. lið (vélgrafnir skurðir) komi:
 $\frac{7}{10}$ rekstrarkostnaðar
2. V. liður orðist svo: Grjótnám úr ræktunarlandi, þó ekki yfir 50 m³
á ári kr. 6.00 pr. m³
3. Á eftir VII. lið bætist nýr liður, svo hljóðandi:
Geymslur:
 - a. Garðávaxtageymslur, steypar, með þaki úr varanlegu efni kr. 5.50 pr. m³
 - b. Garðávaxtageymslur úr öðru efni — 3.00 — —
 - c. Búvélageymslur, steypar, með járnþaki eða úr öðru jafngóðu efni — 22.00 — m²
 - d. Búvélageymslur, á steypum grunni, úr timbri, asbesti, járn
eða öðru jafngildu efni — 1.50 — m²
4. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Framlag greiðist ekki á búvélageymslur, sem eru stærri en 150 m² að gólfleti. Framlag greiðist aðeins á eina búvélageymslu á býli.

4. gr.

Í stað 2. málsgr. 12. gr. laganna komi:

Á framlag ríkissjóðs til jarðabóta samkv. 11. og 15. gr., að viðbætti verðlags-uppbót þeirri, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar greinar, greiðist 20% álag.

Af jarðabótaframlögum, sem talin eru í 11. gr., að undanteknum tölul. III (vélgrafnir skurðir), að viðbætti verðlagsuppbót og álagi, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarféлага til sameiginlegra félagsþarfa.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða breytist þannig:

- a. 3. málsgr. fellur niður.
- b. Síðasta málsgr. orðist svo:

Til ársloka 1960 skal þeim býlum, er eigi hafa 10 ha tún, greiða 450 kr. framlag á ha til jarðræktar og 4 kr. á hvern m³ í handgröfnum skurðum, hvort tveggja að viðbætti verðlagsuppbót.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 8 24. jan. 1952; um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frv. eftir tilmælum landbúnaðarráðherra, en honum var sent frv. af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Frv. er samið af millipinganefnd, er búnaðarþing kaus á s. l. vetri, og eru lagabreytingar og greinargerð óbreytt frá því, er nefndin lagði til.

Landbúnaðarnefnd áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Með jarðræktarlögum frá 1923 var ákveðið, að ríkið styrkti jarðræktarframkvæmdir bænda með ákveðnum hluta af kostnaðarverði ýmissa jarðabóta. En fljótlega var þessu breytt þannig, að ríkið greiddi ákveðna upphæð á hverja verkeiningu án tillits til kostnaðar. Þó hefur jafnan verið reynt að láta styrkinn að nokkru fylgja breyttu verðlagi.

Núgildandi jarðræktarlög voru samin af stjórnskipaðri nefnd, er starfaði árið 1947, en samþykkt á Alþingi 4. maí 1950.

Í þeim fólust ýmsar breytingar frá eldri lögum, m. a. að leggja meiri áherzlu á að styrkja frumbætti ræktunarinnar, eins og t. d. framræslu, og að veita aukaframlag til þeirra býla, sem hefðu minna tún en 10 ha, en lækka aftur á móti framlög til annarra þátta, eins og jarðvinnslu og bygginga, vegna breyttrar og bættrar tækni við að vinna þau verk.

Síðan lög þessi voru samin hafa orðið feikna breytingar á öllu verðlagi við styrkhæfar framkvæmdir, þannig að nú er af ýmsum ráðunautum héraðssambandanna talið, að kostnaður við að rækta einn ha lands við sæmilega góðar aðstæður sé 7500—9000 kr., en var, þegar lögin voru samin, 3500—4500 kr. En þar sem aðstæður eru erfiðar ýmsum afskekktari byggðum landsins, er hann miklum mun meiri. Eru dæmi til þess, að hann sé um 17 þús. kr. á hvern ha.

Hjá landnámi ríkisins er kostnaðurinn hins vegar allmiklu minni, og kemur það til af því, að þar er unnið að miklum samfelldum verkefnum með fullkomnari tækjum en ræktunarsamböndin og bændur almennt hafa átt vól á.

Samkvæmt framansögðu, sem byggt er á upplýsingum frá héraðsráðunautum víðs vegar um landið, hefur ræktunarkostnaður hækkað allt að 100% síðan núgildandi jarðræktarlög voru samin, en jarðræktarframlag ríkisins hefur hækkað um 20% á hverja verkeiningu síðan lögin voru samþykkt.

Sýnt er af þessu, að hluttaka ríkisins í ræktunarkostnaðinum fer minnkandi ár frá ári og er orðin hlutfallslega allmiklu minni en gert var ráð fyrir, þegar lögin voru samin.

Sama er að segja um byggingarframkvæmdir. Þær hafa einnig hækkað í verði allt að 100%. Hluttaka ríkisins í kostnaði við byggingar var, þegar lögin voru sett, um 5% af verðgildi þeirra, en er nú um 2.8%.

Í þeim breytingartillögum, sem hér eru gerðar við jarðræktarlögin, er lagt til, að hámarkstala héraðsráðunauta sé hækkuð úr 10 í 15 og jafnframt sé hluttaka ríkisins í launagreiðslum þeirra hækkuð úr $\frac{2}{5}$ launa í $\frac{1}{2}$ laun.

Þetta byggist á því, að telja verður eðlilegt, að ríkisvaldið hafi eftirlit með, að þeim fjármunum, sem það ver til þessara mála, sé hyggilega varið, en það virðist ekki betur tryggð með öðru en því, að faglarðir menn leiðbeini bændum í öllum héruðum landsins um allt, er lýtur að þessum málum. Til þess að svo geti orðið, verður að fjölga héraðsráðunautum frá því, sem nú er. En það er ekki fært, nema því aðeins að ríkið greiði stærri hluta launanna en verið hefur, því að mörg búnaðarsambönd hafa ekki treyst sér til að hafa héraðsráðunaut af fjárhagsástæðum.

Megin-breytingartillögurnar við lögina eru við II. kafla laganna, þ. e. um framlög til jarðræktar og húsbóta skv. 11. gr. Lagt er til, að framlag til grjótnáms sé hækkað allverulega til að létta undir með þeim, sem erfiðust ræktunarskilyrði hafa.

Gert er ráð fyrir, að framlag til vélgrafinna skurða sé hækkað úr 50% kostnaðar við gröft þeirra í 70%. Þetta byggist á þeirri staðreynd, að meginhluti alls ræktunarskilyrðis þarf framræslu, og verður oft að bíða alllangan tíma eftir því, að það sé tilbúið til ræktunar. Auk þess er brýn þörf á að ræsa fram land til annarra nota. Þetta er að verulegu leyti unnið fyrir komandi kynslóðir, og er því ofætlun einni kynslóð bændna að greiða það að miklum hluta. Því er lagt til, að framlag þjóðarheildarinnar sé aukið allmikið.

Til viðbótar við styrkhæfar umbætur samkv. 11. gr. er lagt til að komi nýr liður, þ. e. búvélagemymslur. Búvélagemymslur bændna eykst nú með ári hverju. Er því brýn þörf á að byggja yfir vélarnar, svo að þau miklu verðmæti, sem í þeim eru, fari ekki forgörðum vegna lélegra geymslna. Þetta virðist hlífðstætt við heygemymslur og garðávaxtagemymslur.

Þá er lagt til, að jarðabótaframlag, að undanteknu framlagi til vélgrafinna skurða, verði greitt með 20% álagi auk venjulegrar verðlagsuppbótar.

Þetta er að vísu miklum mun minna en sú verðhækkun, sem orðið hefur síðan lögina voru samín. En þar sem tún eru orðin meira en 10 ha. er ræktunin komin í það gott horf, að eðlilegt má telja, að framlög ríkisins fari hlutfallslega minnkandi. Hins vegar er lagt til í bráðabirgðaákvæði, er gildi til ársloka 1960, að býlum, sem hafa minna tún en 10 ha. sé greitt allmiklu hærra framlag, eða 450.00 kr. á hvern ha. að viðbættri verðlagsuppbót.

Við athugun, sem gerð hefur verið af búnaðarmálastjóra, hefur komið í ljós, að talsverður hluti býla í ýmsum héruðum landsins er langt á eftir með ræktun, og hefur summs staðar lítið eða ekkert verið gert síðan jarðræktarlögina voru sett 1923. Kemur þar margt til, svo sem slæmar samgöngur, erfið ræktunarskilyrði, skortur tækja, fjáskortur og margt fleira. Verið er að safna upplýsingum heiman úr héruðunum um ástand þessara býla, og þegar þær skýrslur liggja allar fyrir, verður ljósara, hversu ástætt er og hvað gera þarf til úrbóta. Eðlilegt virðist að gera eitthvert sérstakt átak, til þess að ræktunarframkvæmdirnar ná til þessara býla, og má telja það fullkomna nauðsyn, til þess að jafnvægi haldist í byggð landsins.

Í samræmi við þetta er einnig lagt til í bráðabirgðaákvæðinu, að styrkur til handgrafinna skurða sé hækkaður. Um handgröft verður tæpast að ræða, nema þar sem ekki er kostur á skurðgröfum.

Þá er lagt til, að niður falli réttur búnaðarfélaganna til að fá 5% af ræktunarskilyrði við gröft opinna skurða. Þetta er yfirleitt unnið af ræktunarsamböndum án afskipta búnaðarfélaga, og er framlagið bundið ákveðnum hluta af kostnaði verksins. Eðlilegt er því, að viðkomandi bóndi fái upphæðina alla.

Einnig er lagt til, að niður falli 3. málsl. bráðabirgðaákvæðanna, þ. e. um aukaframlag vegna sléttunar túnþýfis.

Þetta ákvæði gildi fyrst í 10 ár og var síðan framlengt í tvö ár. Bændur hafa því haft góðan tíma til að ljúka þessu. Ef eitthvað kann að vera eftir, þá má ætla, að það sé helzt hjá þeim bændum, sem lítil tún hafa, og þá fellur það undir bráðabirgðaákvæðið um hærri styrk til þeirra.

Í ályktun búnaðarþings frá í fyrra um verkefni nefndarinnar var henni einnig talið að vinna að því að fá breytt lánaupphæð ræktunarsjóðs til styrkhæfra bygginga.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp frá ríkisstjórninni um aðra breytingu á þeim lögum. Nefndin ræddi við tvo nefndarmenn úr landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, þá Ásgeir Bjarnason, formann hennar, og Jón Sigurðsson, ritara hennar, og fór þess á leit við þá, að þeir beittu sér fyrir því við landbn., að hún flytti þá breytingartillögu við frumvarpið, að lán til styrkhæfra bygginga yrðu heimiluð allt að 60% af kostnaðarverði þeirra að frádregnum styrk. Tóku þeir þessari mála-leitan vel.

Þá lágu fyrir nefndinni óskir um að gera skýrari ákvæði um samvinnu vegagerðar ríkisins og raforkumálastjórna annars vegar og bændna eða ræktunarsambanda hins vegar og svo um landamerkjaskurði. Við athugun virtist nefndinni, að fullnægjandi ákvæði væru um þetta efni í jarðræktarlögunum og öðrum lögum, t. d. vatnalögum, lögum um fjarskipti o. fl., og þótti henni því ekki ástæða til að gera breytingar á þessum ákvæðum.